# Starfsáætlun Oddeyrarskóla

Skólaárið 2025-2026








# Efnisyfirlit


Inngangur ..... 2
Almennt um skólann ..... 4
  Áherslur skólaársins ..... 4
  Stjórnskipulag ..... 5
    Skipurit ..... 5
  Starfsfólk ..... 5
  Nemendur ..... 7
  Skóladagatal Oddeyrarskóla 2025-2026 ..... 8
    Skýringar með skóladagatali ..... 9
  Skólareglur ..... 13
  Símareglur ..... 13
  Frístundaheimili ..... 14
  Mötuneyti ..... 14
  Tómstundastarf og félagslíf ..... 14
  Forföll og leyfi ..... 15
Innra mat og umbætur ..... 15
Áætlanir skólans ..... 15
  Tilhögun kennslu ..... 15
  Starfsáætlun gæðaráðs ..... 16
  Umbótaáætlun ..... 16
  Starfsþróunaráætlun/símenntunaráætlun starfsfólks ..... 16
  Rýmingaráætlun ..... 16
  Viðbragðsáætlanir ..... 17
Starfsáætlun nemenda ..... 17
  Stundaskrá nemenda ..... 17
  Helstu viðburðir og vettvangsferðir ..... 17
  Viðtalsdagar ..... 18
Félög og ráð ..... 18
  Skólaráð ..... 18
  Nemendafélag/ nemendaráð ..... 19
  Foreldrafélag ..... 20
  Forvarnarteymi ..... 21
Valgreinar ..... 22
Stoðþjónusta ..... 22
  Skólaheilsugæsla ..... 24
  Fræðslu- og lýðheilsusvið ..... 25
Samstarf við grenndarsamfélag ..... 25
  Samstarf við leikskóla ..... 25
  Samstarf við framhaldsskóla ..... 25
  Grenndarkennsla og vettvangsferðir ..... 25

# Inngangur

*Hér gefur að líta starfsáætlun Oddeyrarskóla fyrir skólaárið 2025-2026.*

*Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla skal hver skóli birta stefnu sína með tvennum hætti. Annars vegar með almennri stefnumörkun sem birtist í skólanámskrá og gildir í þrjú ár í senn og hins vegar upplýsingar sem eru breytilegar frá ári til árs og birtast í árlegri starfsáætlun sem gefin er út á hverju hausti.*

*Í starfsáætlun er að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar um skólastarfið. Má þar nefna helstu áherslur og markmið skólans yfir skólaárið, upplýsingar um starfsfólk og þjónustu, skipulag skólans, fyrirkomulag kennslu, hefðir og venjur.*

*Starfsáætlunin er á ábyrgð skólastjóra og unnin í samráði við starfsfólk skólans. Áætlunin er unnin í samræmi við lög og reglugerðir, aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Akureyrarbæjar í skólamálum. Þá ber fræðslu- og lýðheilsuráð að fjalla um áætlunina og staðfesta gildistöku hennar.*

*Starfsáætlunin er birt á heimasíðu skólans þegar haustönn er hafinn. Hægt er að fá starfsáætlun útprentaða ef þess er óskað.*

Athugið að sumar upplýsingar gætu verið frá fyrra ári og eru þá skrifaðar með rauðu letri. Það er vegna þess að það fara ekki allar nefndir og ráð af stað alveg í skólabyrjun s.s. nemendaráð, foreldrafélag o.þ.h. en um leið og búið er að uppfæra verður textinn gerður svartur.

*Með von um gott og árangursríkt skólastarf skólaárið 2025 – 2026.*

*Anna Bergrós Arnarsdóttir skólastjóri*

*Fjóla Kristín Helgadóttir deildarstjóri eldri nemenda/staðgengill skólastjóra*

*Margrét Th. Aðalgeirsdóttir deildarstjóri yngri nemenda*

# Almennt um skólann

- Víðivellir, 600 Akureyri. Nemendur koma inn frá Víðivöllum (eða Reynivöllum eða Sólvöllum) og starfsmenn og gestir frá Grenivöllum.
- Skólinn er að jafnaði opinn frá 8:00 - 16:00
- Skrifstofa er opin frá 7:45 - 14:15
- oddeyrarskoli@akmennt.is
- www.oddeyrarskoli.is
- Sími 4609550
- Símanúmer húsvarðar 4609550 - 8631236
- Símanúmer frístundaheimilis 4609558

# Áherslur skólaársins

Í Oddeyrarskóla vinnum við saman að því að skapa skólasamfélag sem einkennist af jákvæðum skólabrag, áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingum.

Einkunnarorð skólans eru ábyrgð, virðing og vinátta.

Í vetur verður áfram áhersla á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru meðvitaðir þátttakendur í eigin námi. Kennarar ræða fundum tvisvar í mánuði hvernig þeir þróa og betrumbæta kennsluhætti með þarfir nemenda í huga. Kennarar og stuðningsfulltrúar vinna í teymum með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Við munum vinna enn frekar að því að efla foreldrasamstarf og stærsta verkefnið er framhald í námskeiðshaldi fyrir foreldra í 1. bekk, Tengjumst í leik, *e. Invest in Play*, sem er 12 vikna námskeið. Þá verða einnig bekkjarkvöld með kennurum, nemendum og foreldrum í öllum bekkjum til að efla og styrkja tengsl. Við viljum byggja upp enn betri tengsl við foreldra í tengslum við verkefni *þjónustan er málið* og viljum leggja sérstaka áherslu á opið hús fyrir foreldra af erlendum uppruna og seinni parts opnun á bókasafni til að bjóða foreldra enn frekar velkomna í skólann. Hér er áætlun um foreldrastarfið í vetur.

Frístund fyrir nemendur í 1. - 4. bekk heldur áfram að venju en það hafa aldrei verið fleiri börn á skrá en í upphafi skólaárs. Breytingar verða á starfsemi félagsmiðstöðvar þar sem starf félagsmiðstöðvarfulltrúa færist að verulegu leyti inn í skólann. Hann mun hafa umsjón með starfi í frítíma fyrir nemendur í 5. - 10. bekk. Þá verður ráðinn deildarstjóri forvarnar- og frístundamála sem hefur umsjón með skipulögðu starfi með nemendum í frítíma.

# Stjórnskipulag

- *Skólastjóri Anna Bergrós Arnarsdóttir*
- *Deildarstjóri eldri nemenda/staðgengill skólastjóra Fjóla Kristín Helgadóttir*
- *Deildarstjóri yngri nemenda Margrét Th. Aðalgeirsdóttir*
- *Verkefnastjóri velferðar Linda Rós Rögnvaldsdóttir*
- *Verkefnastjóri íslensku sem annars tungumáls Drífa Þórarinsdóttir*
- *Námsráðgjafi, enginn með þau starfsréttindi - Linda Rós Rögnvaldsdóttir sinnir starfi ráðgjafa*
- *Deildarstjóri forvarnar- og frístundamála NN*

## Skipurit




# Starfsfólk

| **Nafn** | **Starfsheiti** |
|---|---|
| Allý Halla Aðalgeirsdóttir | Stuðningsfulltrúi í frístund |
| Anna Bergrós Arnarsdóttir | Skólastjóri |
| Arna Sól Mánadóttir | Stuðningsfulltrúi |
| Baldur Geirsson | Íþróttakennari |
| Bergdís Lind Bjarnadóttir | Umsjónarkennari í 2. bekk |
| Bergdís Sigfúsdóttir | Kennari á unglingastigi |
| Bojana Kristín Besic | Umsjónarkennari í 7. bekk |
| Dóra Bryndís Hauksdóttir | Stuðningsfulltrúi |
| Drífa Þórarinsdóttir | Verkefnastjóri ÍSAT |
| Elín Birna Olsen Vigfúsdóttir | Umsjónarkennari í 1. bekk |
| Ewa Swiercz | Aðstoðarmatráður |
| Fanney Jóna Gísladóttir | Matráður |

| | |
|---|---|
| Finnur Sigurjón Sveinbjarnarson | Kennari á miðstigi |
| Fjóla Kristín Helgadóttir | Deildarstjóri á eldra stigi |
| Einar Ari Ármannsson | Starfsmaður félagsmiðstöðvar |
| Erna Sigrún Hallgrímsdóttir | Myndlistarkennari |
| Guðmundur Kristinn Jónasson | Stuðningsfulltrúi |
| Halldór Arason | Heimilisfræðikennari |
| Harpa Kristín Þóroddsdóttir | Umsjónarkennari í 5. bekk |
| Ingibjörg Sólrún Ingimundard. | Skólahjúkrunarfræðingur |
| Ingunn Sigurbjörnsdóttir | Skólaliði |
| Iris Rún Andersen | Iðjuþjálfi |
| Iryna Tabala | Stuðningsfulltrúi í frístund |
| J. David Barbosa | Stuðningsfulltrúi |
| J. Freydís Þorvaldsdóttir | Sérkennari |
| Jónas Leifur Sigursteinsson | Kennari á eldra stigi og sundkennari |
| Jónína Rakel Sigurðardóttir | Umsjónarkennari í 9. bekk |
| Karl Símon Helgason | Húsvörður |
| Kolbrún Sjöfn Magnúsdóttir | Umsjónarkennari í 3. bekk |
| Laufey Ipsita Stefánsdóttir | Stuðningsfulltrúi |
| Lena María Eyþórsdóttir | Stuðningsfulltrúi |
| Linda Rós Rögnvaldsdóttir | Verkefnastjóri velferðar og starfandi námsráðgjafi |
| Lucia Martin Carrasco | Eldhús og frístund |
| Marcel Rafal Pospiech | Skólaliði/baðvörður |
| Margrét Indíana Jónsdóttir | Stuðningsfulltrúi |
| Margrét Svavarsdóttir | Skólaliði/baðvörður |
| Margrét Th. Aðalgeirsdóttir | Deildarstjóri á yngra stigi |
| Maria Jensen | Dönskukennari |
| Óskar Örn Eggertsson | Umsjónarkennari í 7. bekk |
| Óttar Ómarsson | Starfsmaður félagsmiðstöðvar |
| Ragnheiður Antonsdóttir | Skólaliði |
| Rakel Óla Sigmundsdóttir | Umsjónarkennari í 8. bekk |
| Sesselja Úlfarsdóttir | Umsjónarkennari í 6. bekk |
| Sigrún Finnsdóttir | Forstöðumaður frístundar |
| Sigurbjörg Rún Heiðarsdóttir | Umsjónarkennari í 4. bekk |
| Sigurður Orri Hjaltason | Tölvuumsjónarmaður |
| Sólveig Styrmisdóttir | Textílkennari |
| Stefán Fannar Ólafsson | Félagsmiðstöðvarfulltrúi |

| | |
|---|---|
| Sunneva Guðgeirsdóttir | Skólaritari |
| Svanbjörg Sverrisdóttir | Tónmenntakennari |
| Tetiana Khismatulina | Stuðningsfulltrúi |
| Yrsa Hörn Helgadóttir | ÍSAT kennari |
| Þórarinn Torfason | Skólasafnskennari, kennari á eldra stigi |

*Trúnaðarmenn skólaárið 2025-2026 eru Elín Birna Olsen Vigfúsdóttir, elin.birna@oddeyrarskoli.is og Erna Sigrún Hallgrímsdóttir ernash@oddeyrarskoli.is, (KÍ) og Arna Sól Mánadóttir, arna.sol@oddeyrarskoli.is (Eining-Iðja). Öryggistrúnaðarmaður er Freydís Þorvaldsdóttir kennari, freydis@oddeyrarskoli.is og öryggisvörður er Karl Símon Helgason, kalli@oddeyrarskoli.is.*

# Nemendur

Í ágúst 2025 eru 163 nemendur skráðir í skólann.

| **Bekkur** | **Fjöldi nemenda** | **Umsjónarkennarar** |
|---|---|---|
| 1. | 15 | Elín Birna Olsen Vigfúsdóttir |
| 2. | 14 | Bergdís Lind Bjarnadóttir |
| 3. | 16 | Kolbrún Sjöfn Magnúsdóttir |
| 4. | 18 | Sigurbjörg Rún Heiðarsdóttir |
| 5. | 12 | Harpa Kristín Þóroddsdóttir |
| 6. | 14 | Sesselía Úlfarsdóttir |
| 7. | 26 | Óskar Örn Eggertsson og Bojana Kristín Besic |
| 8. | 17 | Rakel Óla Sigmundsdóttir |
| 9. | 18 | Jónína Rakel Sigurðardóttir |
| 10. | 14 | Jónas Leifur Sigursteinsson |
| **Alls** | **164** | |

# Skóladagatal Oddeyrarskóla 2025-2026

Samband íslenskra sveitarfélaga

## Skóladagatal 2025 - 2026

**Nafn skóla:** Oddeyrarskóli

| | |
|---|---|
| Styttri skóladagur | 10 |
| Skipulagsdagur - frí | 5 |
| Uppbrot - eðlileg lok dags | 9 |

| ÁGÚST | SEPTEMBER | OKTÓBER | NÓVEMBER | DESEMBER | JANÚAR | FEBRÚAR | MARS | APRÍL | MAÍ | JÚNÍ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 F | 1 M | 1 M | 1 L | 1 M Fullveldisdagurinn | 1 F Nýársdagur | 1 S | 1 S | 1 M | 1 F Verkalýðsdagurinn | 1 M Skólaferðalag 10.b. |
| 2 L | 2 Þ | 2 F | 2 S | 2 Þ | 2 F | 2 M | 2 M | 2 F Skírdagur | 2 L Frístund opin frá 8:00 - 13:00 | 2 Þ Skólaferðalag 10.b. |
| 3 S | 3 M | 3 F | 3 M | 3 M | 3 L | 3 Þ | 3 Þ | 3 F Föstudagurinn langi | 3 S | 3 M Skólaferðalag 10.b. |
| 4 M Frídagur verslunarmanna | 4 F | 4 L | 4 Þ | 4 F | 4 S | 4 M | 4 M | 4 L | 4 M | 4 F Vordagar |
| 5 Þ | 5 F Göngudagur-útivist | 5 S | 5 M | 5 F | 5 M Skipulagsdagur | 5 F Frístund lokuð ↔ | 5 F | 5 S Páskadagur | 5 Þ | 5 F Vordagar |
| 6 M | 6 L | 6 M | 6 F | 6 L | 6 Þ Þrettándinn | 6 F Árshátíðarball/ Dagur leikskólans | 6 F | 6 M Annar í Páskum | 6 M | 6 L |
| 7 F | 7 S | 7 Þ | 7 F | 7 S | 7 M | 7 L Dagur tónlistarskólans | 7 L | 7 Þ | 7 F | 7 S Sjómannadagurinn |
| 8 F | 8 M Dagur læsis | 8 M | 8 L Baráttudagur gegn einelti | 8 M | 8 F | 8 S | 8 S | 8 M | 8 F | 8 M Oddóleikar |
| 9 L | 9 Þ | 9 F | 9 S | 9 Þ | 9 F | 9 M | 9 M | 9 F | 9 L | 9 Þ Skólaslit |
| 10 S | 10 M Skólahlaup ÍSÍ | 10 F | 10 M | 10 M | 10 L | 10 Þ | 10 Þ Upphátt lestrarkeppni | 10 F | 10 S | 10 M Skipulagsdagur |
| 11 M | 11 F | 11 L Fæðingardagur forseta Íslands (HT) | 11 Þ | 11 F Jólaþema | 11 S | 11 M Dagur íslenska táknmálsins | 11 M | 11 L | 11 M | 11 F Skipulagsdagur |
| 12 Þ | 12 F | 12 S | 12 M | 12 F | 12 M | 12 F | 12 F Útivistardagur | 12 S | 12 Þ | 12 F Skipulagsdagur |
| 13 M | 13 L | 13 M | 13 F | 13 L | 13 Þ | 13 F | 13 F | 13 M | 13 M | 13 L |
| 14 F Fræðsludagur | 14 S | 14 Þ | 14 F | 14 S | 14 M | 14 L | 14 L Dagur stærðfræðinnar | 14 Þ Þemadagur | 14 F Uppstigningardagur | 14 S |
| 15 F Skipulagsdagur | 15 M Reykir 7.b. | 15 M Fjölgreindardagur | 15 L | 15 M | 15 F | 15 S | 15 S | 15 M Þemadagur | 15 F Skipulagsdagur | 15 M |
| 16 L | 16 Þ Reykir 7.b. Dagur íslenskrar náttúru | 16 F Skipulagsdagur | 16 S Dagur íslenskrar tungu | 16 Þ | 16 F | 16 M Samtöl/Bollu | 16 M | 16 F | 16 L | 16 Þ |
| 17 S | 17 M Reykir 7.b. | 17 F Samtöl | 17 M | 17 M | 17 L | 17 Þ Samtöl/Sprengi | 17 Þ | 17 F | 17 S | 17 M Lýðveldisdagurinn |
| 18 M Skipulagsdagur | 18 F Reykir 7.b. | 18 L | 18 Þ | 18 F Hæfileikakeppni | 18 S | 18 M Skipulagsdagur | 18 M | 18 L | 18 M | 18 F |
| 19 Þ Skipulagsdagur | 19 F | 19 S | 19 M | 19 F Litlu jól | 19 M | 19 F Vetrarfrí | 19 F Frístund opin frá kl. 13:00 | 19 S | 19 Þ | 19 F |
| 20 M Skipulagsdagur | 20 L | 20 M Haustfrí | 20 F Dagur mannréttinda barna | 20 L | 20 Þ | 20 F Vetrarfrí | 20 F | 20 M | 20 M | 20 L |
| 21 F Skipulagsdagur | 21 S | 21 Þ Haustfrí | 21 F | 21 S | 21 M | 21 L | 21 L | 21 Þ | 21 F | 21 S |
| 22 F Skólasetning | 22 M | 22 M | 22 L | 22 M | 22 F Frístund lokuð ↔ | 22 S Konudagur - upphaf Góu | 22 S | 22 M | 22 F | 22 M |
| 23 L | 23 Þ | 23 F | 23 S | 23 Þ Þorláksmessa | 23 F Bóndadagur - upphaf Þorra | 23 M | 23 M | 23 F Sumardagurinn fyrsti | 23 L | 23 Þ |
| 24 S | 24 M | 24 F | 24 M | 24 M Aðfangadagur jóla - lokað | 24 L | 24 Þ | 24 Þ | 24 F | 24 S Hvítasunnudagur | 24 M |
| 25 M | 25 F | 25 L Fyrsti vetrardagur | 25 Þ | 25 F Jóladagur | 25 S | 25 M | 25 M | 25 L | 25 M Annar í Hvítasunnu | 25 F |
| 26 Þ | 26 F Evrópski tungumáladagurinn | 26 S | 26 M | 26 F Annar í jólum | 26 M | 26 F | 26 F | 26 S | 26 Þ | 26 F |
| 27 M | 27 L | 27 M | 27 F | 27 L | 27 Þ | 27 F | 27 F Bingódagur | 27 M | 27 M | 27 L |
| 28 F | 28 S | 28 Þ | 28 F | 28 S | 28 M | 28 L | 28 L | 28 Þ | 28 F | 28 S |
| 29 F | 29 M | 29 M | 29 L | 29 M | 29 F Árshátíð / x2dagur | | 29 S Pálmasunnudagur | 29 M | 29 F | 29 M |
| 30 L | 30 Þ | 30 F | 30 S | 30 Þ | 30 F Skipulagsdagur | | 30 M | 30 F | 30 L | 30 Þ |
| 31 S | | 31 F | | 31 M Gamlársdagur - lokað | 31 L | | 31 Þ | | 31 S | |
| 6 | 22 | 20 | 20 | 15 | 19 | 17 | 20 | 17 | 17 | 7 |

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu 180 lögbundnir skóladagar nemenda vera á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum.
Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Samþykkt á kennarafundi 21.01. 2025
Samþykkt í skólaráði 25. 02. 2025

# Skýringar með skóladagatali

**Skólaárið 2025-2026**

| | |
|---|---|
| 22. ágúst | Skólasetning.<br>Skertur skóladagur. 2.-5.bekkur kl.9.00 - 6.-10.bekkur kl.10.00<br>Tímasetningar auglýstar á heimasíðu skólans.<br>22. og 25. ágúst, viðtöl í 1. bekk.<br>Frístund opin 8:00 - 16:15 þann 22. ágúst.<br>Fyrir 1. bekk þann 25. ágúst frá 8:00 – 16:15 og<br>einnig frá 8:00-9:00 þann 26. ágúst og frá kl. 11:00 sama dag. |
| 5.september | Göngudagur. Allir nemendur fara í gönguferð. |
| 8. september | Dagur læsis. |
| 10. september | Skólahlaup ÍSÍ. |
| 15.-18. september | 7. bekkur fer á Reyki |
| 16. september | Dagur íslenskrar náttúru. |
| 26.september | Evrópski tungumáladagurinn. |
| 15. október | Fjölgreindadagur |
| 16. október | Skipulagsdagur kennara. Nemendur í leyfi.<br>Frístund opin 8:00 - 16:15. |
| 17. október | Samtöl. Forráðamenn fá póst frá umsjónarkennara varðandi skráningu í viðtöl.<br>Skertur skóladagur.<br>Frístund opin 8:00-16:15 |
| 20. og 21. okt. | Haustfrí nemenda og kennara.<br>Opið í frístund 8:00 – 16:15 |
| 25. október | Fyrsti vetrardagur. Laugardagur. |
| 8. nóvember | Forvarnardagur gegn einelti. Laugardagur. |

| | |
|---|---|
| **16. nóvember** | **Dagur íslenskrar tungu. Sunnudagur.** |
| **20. nóvember** | **Dagur mannréttinda barna.** |
| **1. desember** | **Fullveldisdagurinn.** |
| **11. desember** | **Jólaþema. Stundaskrá brotin upp.<br>Jólamatur í boði fyrir alla nemendur.** |
| **18.desember** | **Hæfileikakeppni Oddeyrarskóla** |
| **19. desember** | **Litlu jól. Skertur nemendadagur. Nemendur taka þátt í hátíðardagskrá með bekkjarfélögum. Frístund opin 8:00-16:15** |
| **22.des.** | **Jólafrí nemenda og kennara. Frístund opin frá 8:00-16:15.** |
| **23.des.** | **Jólafrí nemenda og kennara. Frístund lokuð.** |
| **29. og 30.des.** | **Jólafrí nemenda og kennara. Frístund opin frá 8:00-16:15.** |
| **31. desember** | **Gamlársdagur. Frístund lokuð.** |
| **2. janúar** | **Jólafrí nemenda og kennara. Frístund opin frá 8:00-16:15.** |
| **5. janúar** | **Skipulagsdagur. Frístund lokuð.** |
| **6. janúar** | **Þrettándinn.** |
| **23. janúar** | **Bóndadagur. Fyrsti dagur þorra** |
| **29. janúar** | **Árshátíð nemenda Oddeyrarskóla. Fimmtudagurinn er tvöfaldur dagur.<br>Annar er uppbrotsdagur og þá eru nemendasýningar og<br>hinn skertur nemendadagur, þá eru tvær - þrjár sýningar á sal fyrir gesti.<br>Kaffihlaðborð á vegum foreldrafélagsins er á milli sýninga.** |
| **30. janúar** | **Skipulagsdagur kennara. Nemendur í leyfi.<br>Frístund opin 8:00 - 16:15.** |

| | |
|---|---|
| **6. febrúar** | **Árshátíðarball unglingastigs.<br>Dagur leikskólans.** |
| **7. febrúar** | **Dagur tónlistarskólans. Laugardagur.** |
| **11. febrúar** | **Dagur íslenska táknmálsins.** |
| **16. og 17. febrúar** | **Viðtalsdagar. Foreldra- og nemendaviðtöl. Forráðamenn fá póst frá umsjónarkennara varðandi skráningu í viðtöl. Frístund opin 08:00 - 16:15** |
| **18. febrúar** | **Skipulagsdagur kennara. Nemendur í leyfi.<br>Frístund opin 13:00 - 16:15.** |
| **19. og 20. febrúar** | **Vetrarfrí nemenda og kennara.<br>Frístund opin 13:00-16:15** |
| **22. febrúar** | **Konudagur. Upphaf Góu. Sunnudagur.** |
| **12.mars** | **Útivistardagur. Skertur skóladagur. Dagurinn gæti færst til.** |
| **14. mars** | **Dagur stærðfræðinnar. Laugardagur** |
| **27. mars** | **Síðasti dagur fyrir páska. Nemendur spila páskabingó.<br>Hefðbundin stundaskrá brotin upp. Skertur skóladagur** |
| **29. mars** | **Pálmasunnudagur** |
| **30. mars –<br>1. apríl** | **Páskafrí nemenda og kennara.<br>Frístund opin 8:00-16:15 þann 30. – 31. mars<br>en opin 8:00-13:00 þann 1. apríl** |
| **2. - 6. apríl** | **Páskafrí nemenda og kennara. Frístund lokuð** |
| **14. og 15. apríl** | **Þemadagar. Hefðbundin stundaskrá brotin upp.** |
| **23. apríl** | **Sumardagurinn fyrsti. Lokað.** |
| **1. maí** | **Verkalýðsdagurinn. Föstudagur. Frístund lokuð** |

| | |
|---|---|
| **14. maí** | **Uppstigningardagur. Lokað.** |
| **15. maí** | **Skipulagsdagur. Frístund opin frá 8:00-16:15.** |
| **24.-25. maí** | **Hvítasunnudagur og annar í hvítasunnu. Lokað.** |
| **1.– 3. júní** | **Skólaferðalag 10. bekkjar** |
| **4.-5. júní** | **Vordagar. Hefðbundin stundaskrá brotin upp.** |
| **8. júní** | **Uppbrotsdagur, skertur skóladagur. Dagskrá lýkur um hádegi.** |
| **9. júní** | **Skólaslit. Skertur skóladagur. Frístund opin frá 8:00-16:15.<br>1. – 7. bekkur fyrri hluta dags og unglingastig seinni part. Nánar auglýst síðar.** |

# Skólareglur




# Símareglur

Sáttmáli um símafrí í grunnskólum Akureyrarbæjar tók gildi í ágúst 2024. Í sáttmálanum felst eftirfarandi:

Í grunnskólum Akureyrarbæjar skulu nemendur ekki nota síma á skólatíma, hvorki í skólanum né á skólalóð. Leiðin milli skóla og íþróttamannvirkja telst til skólalóðar. Þetta á einnig við önnur snjalltæki sem trufla kennslu og einbeitingu (t.d. snjallúr). Á föstudögum er nemendum á unglingastigi heimilt að nota síma í frímínútum á skilgreindum svæðum. Símar og önnur snjalltæki eru ávallt á ábyrgð eigenda sinna. Komi nemendur með síma í skólann, þá skulu nemendur í 8. – 10. bekk geyma símana í læstum skápum og yngri nemendur geyma símana í töskum. Símar skulu ekki geymdir í fatnaði nemenda eða á borðum.

**Undantekningar** frá þessari reglu eru að símafrí nær ekki til skólaferðalags nemenda við lok 10. bekkjar. Hver skóli ber ábyrgð á því hvernig þeim reglum skuli hagað í samráði við áfangastað. Nemendum sem þurfa á síma að halda vegna heilsufarslegra ástæðna (t.d. vegna sykursýkismælinga) er heimilt að hafa síma á sér, en aðeins til notkunar í þeim tilgangi.

**Viðbrögð við notkun síma í leyfisleysi:**

Sé reglum um símafrí ekki fylgt eftir fær nemandi áminningu/samtal við kennara og tækifæri til setja símann á viðeigandi stað. Við endurtekið brot er nemanda boðið að velja á milli þess að:

- afhenda símann sem verður geymdur á skrifstofu skólastjórnanda til loka skóladags nemanda.
- fara á skrifstofu skólastjórnanda og bíða þar uns foreldri hefur komið í skólann til að ljúka afgreiðslu málsins.

*Við ítrekuð brot á símafríi er boðað til fundar með nemanda og foreldrum og skráning gerð í Mentor.*

Samhliða innleiðingu símasáttmála verður gengið út frá því að starfsfólk skólanna sýni fyrirmynd og noti ekki síma á svæðum nemenda nema með einstökum undantekningum og þá vegna starfsins.

Foreldrar/forráðamenn geta ávallt haft samband við nemendur með því að hringja í ritara skólans. Þá geta nemendur alltaf fengið að hringja í skólanum.

**Mikilvægt er að heimilin og skólasamfélagið allt standi saman að því að innleiða sáttmálann á jákvæðan og árangursríkan hátt og því vonumst við eftir jákvæðum viðbrögðum og góðri samvinnu allra.**

# Frístundaheimili

Að lokinni kennslu gefst nemendum 1. – 4. bekkjar kostur á að vera í Frístund frá skólalokum til kl. 16:15. Þar geta börnin leikið, verið úti, lesið, hvílt sig og margt fleira. Frístund er opin alla daga sem skólinn starfar og auk þess í fríum á starfstíma skólans og flestum skipulagsdögum. Foreldrar greiða fyrir vistun nemenda í frístund samkvæmt gjaldskrá gegnum skráningarkerfi sem kallast Vala. Viðmiðunarreglur fyrir frístund, gjaldskrá og fleiri upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans. Umsjónarmaður frístundar er Sigrún Finnsdóttir. Þarf að bæta við um

# Mötuneyti

Nemendum er boðið upp á gjaldfrjálsan næringarríkan hádegisverð í skólanum. Skráning fer fram á vef sem kallast Vala. Nemendur í 5.-7. bekk mæta í mat kl. 11:55 og nemendur í 8.-10.bekk 11:35. Nemendur 1.-4.bekkjar fara í mat 11:20. Allir nemendur hafa 30 mínútur í hádegishlé og fara út þegar þeir hafa lokið við að matast. Nemendum gefst einnig kostur á að kaupa ávexti og mjólk í áskrift til að neyta í nestistímum. Hafragrautur er í boði fyrir skólabyrjun og í frímínútum á unglingastigi nemendum að kostnaðarlausu.

# Tómstundastarf og félagslíf

Stjörnuríki er félagsmiðstöð nemenda í 8. -10. bekk í Oddeyrarskóla. Félagsmiðstöðin býður upp á opið starf þar sem unglingarnir sjálfir, undir handleiðslu starfsmanna skipuleggja og sjá um viðburði. Félagsmiðstöðin er opin á mánudögum og miðvikudögum kl. 20:00 - 22:00. Frá og með hausti 2025 eru breytingar í skipulagi félagsmiðstöðvarinnar þannig að hún færist alfarið undir skólann. Starfið mun þróast í vetur með nýjum starfsmönnum sem enn á eftir að ráða svo ekki liggur fyrir starfsáætlun.

# Forföll og leyfi

Forföll nemenda þarf að tilkynna strax að morgni með því að hringja í skólann. Einnig má skrá veikindi barna á fjölskylduvef Mentor. Hringt er heim til nemenda ef forföll eru ekki tilkynnt. Ef um leyfi er að ræða skal hafa samband við skólann. Umsjónarkennarar og ritari geta veitt leyfi í einn til tvo daga. Ekki er hægt að skrá leyfi í mentor, en hægt er að sækja um leyfi í gegnum tölvupóst eða með því hringja í skólann. Óski foreldri eftir leyfi fyrir barn sitt frá skóla lengur en í tvo daga þarf að fylla út rafræna leyfisbeiðni á heimasíðu skólans sem sendist sjálfkrafa til skólastjóra. Skólastjóri svarar leyfisbeiðni í tölvupósti og ritari skráir leyfið í Mentor. *Athygli skal vakin á því að skv. 15. gr. grunnskólalaga frá 2008 er öll röskun á námi sem hlýst af leyfum frá skóla á ábyrgð foreldra eða forráðamanna. Þar segir um tímabundna undanþágu barns frá skólagöngu: „Forráðamaður skal sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi á meðan á undanþágu stendur.“*

# Innra mat og umbætur

Gæðaráð mun leggja mat á stjórnun og faglega forystu næsta skólaár ásamt því að sinna þáttum úr umbótaáætlun frá fyrri árum er snerta nám og kennslu. Umbótaáætlun skólaársins má finna hér.

Þeir þættir sem liggja til grundvallar alhliða mati á stjórnun og faglegri forystu sem fram fer næsta skólaár taka mið af gæðaviðmiðum úr menntastefnu Akureyrar sem finna má hér.

# Áætlanir skólans

## Tilhögun kennslu

Skólanum skipt í þrjú stig eða yngsta stig (1. - 4. bekkur) miðstig (5. - 7. bekk) og elsta stig (8. -10. bekkur). Á hverju stigi er eitt teymi sem í sitja umsjónarkennarar, stoðkennarar eða iðjuþjálfi og stuðningsfulltrúar. Auk þess koma íþróttakennari og list- og verkgreinakennarar að kennslu nemenda í öllum bekkjum.

Nemendur í 1. - 4. bekk fá 30 kennslustundir á viku, nemendur í 5. - 7. bekk 35 kennslustundir og nemendur í 8. - 10. bekk 37 kennslustundir. Í viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár er gert ráð fyrir að skólar deili niður á hvert stig þeim tíma sem gefinn er upp í hverri grein. Þannig getur íslenskan eða stærðfræðin haft meira vægi á einhverjum tíma og aðrar greinar á öðrum tímum. Einnig eru námsgreinar samþættar eftir aðstæðum til að auka merkingarbærni náms og fjölbreytni. Nemendur vinna einnig í aldursblönduðum hópum að fjölbreyttum þemaverkefnum þar sem grunnþættir menntunar og lykilhæfni eru lögð til grundvallar, auk hæfniviðmiða hverrar námsgreinar. Mikil áhersla er lögð á samvinnu nemenda og sjálfstæði þeirra í útfærslu verkefna. Upplýsingatækni er tengd markvisst við allar námsgreinar. Íþróttir eru alltaf að lágmarki þrjár stundir á viku.

Í öllum bekkjum skólans er mikil áhersla lögð á að leggja góðan grunn fyrir áframhaldandi skólagöngu. Lestrarfærni og skilningur í stærðfræði er þar ofarlega á baugi, auk þess að leggja áherslu á góðar námsvenjur, samskipti og líðan.

Bekkjarfundir eru haldnir vikulega. Á þeim fundum er farið eftir ákveðnum leiðum við að ræða ýmis mál. Stundum er verið að leita lausna en á öðrum fundum er verið að ræða saman um ýmislegt er varðar réttindi og skyldur, líðan og fleira. Bekkjarfundir eru liður í forvarnarstarfi gegn einelti.

Skólinn er skráður í verkefnið Farsæld barna- stuðningur við uppeldisfærni foreldra sem byggir á 12 vikna námskeiði fyrir foreldra í 1. bekk. Stefnt er á að verða réttindaskóli UNICEF og innleiðing við það verkefni hefst á skólaárinu.

Fastur liður í skólastarfi Oddeyrarskóla eru heimsóknir umsjónarkennara til nemenda í 1. og 8. bekk. Heimsóknin til nemenda í 1. bekk er stutt innlit að vori þar sem kennurum og nemenda gefst tækifæri til að hittast. Tekin er mynd af nemandanum og honum afhend hefti um upphaf skólagöngu. Heimsóknin til nemenda í 8. bekk er farin í upphafi skólaárs, gert er ráð fyrir u.þ.b. 40 mín spjalli þar sem rætt er það helsta sem fjölskyldunni liggur á hjarta varðandi komandi vetur. Ef foreldrar vilja ekki fá kennara heim má að sjálfsögðu hafa samtalið í skólanum.

**Námsvísar árganga**

Námsvísar eru til fyrir hvert stig fyrir sig og eru birtar á heimasíðu skólans. Þar er að finna ítarlegar upplýsingar um áherslur í kennslu á hverju aldursstigi fyrir sig.

- Bekkjarnámskrár yngsta stigs
- Bekkjarnámskrár miðstigs
- Bekkjarnámskrár elsta stigs

**Teymiskennsla**

Starfsmenn skólans starfa í teymum í því skyni að auka gæði kennslu og koma betur til móts við ólíkar þarfir nemenda, m.a. með fjölbreyttum kennsluháttum og námsmatsleiðum. Einnig er teymiskennsla liður í því að auka faglega samræðu kennara og rjúfa einangrun. Þannig myndast lærdómssamfélag í skólanum sem byggir á sameiginlegri ígrundun starfsfólks í daglegu starfi. Unnið er markvisst með aldursblöndun á öllum stigum.

# Starfsáætlun gæðaráðs

Starfsáætlun gæðaráðs 2025-2026

# Umbótaáætlun

Umbótaáætlun 2025-2026

# Starfsþróunaráætlun/símenntunaráætlun starfsfólks

Starfsþróunaráætlun 2025-2026

# Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun

# Viðbragðsáætlanir

- Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum
- Öryggishandbók Oddeyrarskóla
- Veikindafaraldur
- Óveður
- Eldgos
- Jarðskjálftar

# Starfsáætlun nemenda

## Stundaskrá nemenda

Allir nemendur hefja skóladaginn klukkan 8:10 á morgnana. Yngsta stig lýkur skóla klukkan 13:10 á daginn og miðstig klukkan 13:50 alla daga. Á unglingastigi eru skólalok breytileg eftir valgreinum sem geta verið alla virka daga og til kl. 16:00 á daginn. Unglingar ljúka hefðbundnum greinum í skólanum á bilinu 13:00 - 13:25 en þá eiga eftir að bætast við sex kennslustundir í valgreinum.

## Helstu viðburðir og vettvangsferðir

Hefðir og venjur í Oddeyrarskóla

Nemendur í 7. bekk dvelja í eina viku í Skólabúðunum að Reykjum. Á vordögum fara nemendur í 10. bekk í útskriftarferð. Ekki eru áformaðar fleiri lengri ferðir á þessu skólaári en að sjálfsögðu verður farið í styttri vettvangsferðir eftir því sem tilefni gefast og fá foreldrar þá upplýsingar frá umsjónarkennurum. Til dæmis eru ávallt tveir útivistardagar á hverju skólaári. Hinn fyrri er gönguferð að hausti en hinn síðari er skíðadagur á tímabilinu febrúar-apríl. Annað hvert ár fer allur skólinn saman en hitt árið sér stigið um að skipuleggja styttri vettvangsferðir þar sem hægt er að ganga, hjóla eða nota strætó. Í fyrra fóru allir nemendur skólans saman á Þengilhöfða við Grenivík og í ár mun hvert stig sjá um að skipuleggja vettvangsferðir.

Nemendur 6. bekkjar fara í siglingu á Húna snemma á skólaárinu og á vormisseri fara nemendur í 6. bekk í kynnisferð á Kristnes og skoða Hælið.

Í október er fjölgreindardagur þar sem öllum nemendum er blandað þvert á árganga og unnin eru verkefni sem reyna á mismunandi og öðruvísi hæfni en daglegt skólastarf býður upp á.

Við höldum upp forvarnardag gegn einelti þann 8. nóvember nóvember ár hvert en þá fá nemendur í 1. bekk og þeir sem nýir eru á yngsta stigi handprónaðar húfur sem á stendur “gegn einelti”.

Í desember er alltaf jólauppbrotsdagur. Hvert stig skipuleggur daginn en það getur verið föndur, spil, jólamynd, hreyfistund eða annars konar uppbrot. Allir nemendur fá að skera út sína laufabrauðsköku sem er steikt og nemendur fá að borða hana með “jólamatnum” sem boðið er upp á í hádeginu þann dag.

Nemendaráð stendur fyrir hæfileikakeppni einiu sinni á skólaárinu en þá gefst tækifæri til að spreyta sig á sviði í hljóðfæraleik, dansi, söng, íþróttaiðkun eða því sem menn hafa hugmyndaflug til að gera.

Í janúar er árshátíð skólans en allir nemendur taka þátt í henni í samstarfi við foreldra sem leggja til glæsilegt kaffihlaðborð.

Í febrúar eða mars höfum við heilsuviku, gjarnan í tengslum við Lífshlaupið sem er hreyfiáskorun á landsvísu.

Um miðjan apríl eru þemadagar þar sem hefðbundið skólastarf er brotið upp og unnið að þematengdum verkefnum. Þema er ákveðið ár hvert og oft í samráði við nemendur.

Á vordögum er farið í ýmsar vettvangsferðir í grenndinni og þá er alltaf íþróttakeppni milli nemenda á unglingastigi og starfsmanna þar sem keppt er í knattspyrnu, blaki og körfubolta. Síðasta skóladaginn fyrir skólaslit eru  “Oddóleikar” en þá eru þrautir og leikir úti. Heilir bekkir fara á milli stöðva þennan dag.

## Viðtalsdagar

Viðtalsdagar fyrir foreldra sem eiga börn sem hefja nám í 1. bekk eru 22. og 25. ágúst. Viðtalsdagur fyrir alla nemendur skólans er 17. október og 17. og 18. febrúar. Á viðtalsdögum er tækifæri til að ræða tilhögun náms og þau mál er snúa að farsæld og vellíðan nemenda. Þess utan má hafa samband við umsjónarkennara með tölvupósti sem svarað er við fyrsta tækifæri á dagvinnutíma eða hringja í skólann.

# Félög og ráð

## Skólaráð

Skólaráð veturinn 2025-2026 skipa Anna Bergrós Arnarsdóttir skólastjóri, Fjóla Kristín Helgadóttir deildarstjóri, Margrét Th. Aðalgeirsdóttir deildarstjóri. Foreldrar og fulltrúi úr grenndarsamfélagi í skólaráði eru Sigríður Ásta Pedersen, Nanna Rut Guðmundsdóttir og Fanney Jóna Gísladóttir.  Arna Sól Mánadóttir er fulltrúi starfsmanna og Jónína Rakel Sigurðardóttir og Óskar Örn Eggertsson eru fulltrúar kennara.  Sólveig María Sv. Haraldsdóttir í 10. bekk og Emma Möller í 9. bekk og  eru fulltrúar nemenda í skólaráði.

Með gildistöku laga nr. 91 um grunnskóla frá 12. júní 2008 komu skólaráð í stað foreldraráða.
Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks

í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Á heimasíðu skólans má finna lög og reglur um skólaráð ásamt fundargerðum skólaráðs nokkur ár aftur í tímann. Starfsáætlun skólaráðs Oddeyrarskóla  2025-2026

# Nemendafélag/ nemendaráð

Við skólann starfar nemendaráð sem skipað er fulltrúum úr 6.-10. bekk, tveimur úr hverjum árgangi. Kjör nemendaráðs fer fram með lýðræðislegri kosningu í upphafi skólaárs. Upplýsingar og fundargerðir má finna á heimasíðu skólans.

Fulltrúar nemenda veturinn 2025-2026 eru: Ísak Andri Jóhannsson og Khamil Sohia Nunez Martinez í 6.b., Kolbeinn Reynir Sigurðsson og Kristrún Lára Lárusdóttir í 7. bekk, Ásrún Fjóla Stefánsdóttir og Karítas ÓSk Hreggviðsdóttir í 8.b., Emma Svavarsdóttir og Emma Möller Sigurðardóttir í 9.b. og Elínborg Una Árnadóttir og Katrín Björk Hafþórsdóttir í 10.b.

**Nemendaráð starfar samkvæmt eftirfarandi starfsreglum:**

**1. grein:** Félagið heitir Nemendaráð Oddeyrarskóla og hefur aðsetur þar.

**2. grein:** Allir nemendur Oddeyrarskóla eru félagar í nemendaráði. Nemendur í 6.-10. bekk mega sitja í embættum og nemendur í 6.-10. bekk hafa atkvæðis- og kosningarétt.

**3. grein:** Hlutverk Nemendafélags Oddeyrarskóla er að:

- skipuleggja félagsstarf í skólanum með félagskennara.
- að gæta hagsmuna nemenda í skólanum.
- miðla upplýsingum milli nemenda og stjórnenda skólans.

**4. grein:** Stjórn Nemendafélags Oddeyrarskóla skipa tveir nemendur úr 6.-10. bekk,  gæta skal þess að kynjahlutfall sé jafnt. 8.-10. bekkur skal jafnframt hafa tvo varamenn.

**5. grein:** Ný stjórn er kosin í upphafi hvers árs með lýðræðislegum, leynilegum kosningum.

**6. grein:** Stjórn félagsins skal funda a.m.k. einu sinni í mánuði. Skyldumæting er á fundi og ber að tilkynna félagskennara forföll. Ef fulltrúi getur ekki mætt á hann að útvega varamann í sinn stað.

**7. grein:** Nemendur sem sitja í Nemendaráði skulu leitast við að  vera til fyrirmyndar og þeir nemendur sem neyta áfengis, vímuefna eða tóbaks, geta ekki verið í nemendaráði. Ekki er heimilt að ræða mál einstakra nemenda í ráðinu.

**8. grein:** Endurskoða skal lög ráðsins árlega. Lög þessi skulu þegar taka gildi og falla þar með önnur lög sem sett hafa verið úr gildi.

Samþykkt af öllum kjörnum fulltrúum í nemendaráði Oddeyrarskóla að hausti 2021.

Starfsáætlun nemendaráðs

# Foreldrafélag

Foreldrar úr hverjum árgangi velja sér 3-5 bekkjarfulltrúa úr sínum hópi. Einn þeirra fer í stjórn foreldrafélags Oddeyrarskóla og er því stjórn skipuð 10 fulltrúum. Þegar fyrir liggur hverjir skipa stjórn verða upplýsingar birtar á heimasíðu. Hér má sjá lista yfir bekkjarfulltrúa 2025-2026 og þá sem mynda 10 manna stjórn. Fundargerðir má finna á heimasíðu Oddeyrarskóla. Ársfundur foreldrafélagsins er haldin í kringum miðjan október og þá geta orðið breytingar á stjórn.

Formaður: Nanna Rut Guðmundsdóttir

Gjaldkeri: Bryndís Vilhjálmsdóttir

Ritari:

Fulltrúi kennara: Freydís Þorvaldsdóttir

Lög foreldrafélags Oddeyrarskóla

1. Félagið heitir Foreldrafélag Oddeyrarskóla. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri. Heimilt er að innheimta félagsgjald að hausti sem ákveða skal á aðalfundi.
2. Foreldrar og forráðamenn nemenda í skólanum verða sjálfkrafa meðlimir félagsins, nema þeir óski annars.
3. **Tilgangur félagsins er:**
   a. Að efla samskipti skólans og foreldra/forráðamanna þeirra barna er þar stunda nám.
   b. Að veita aðstoð í skólastarfinu, þ.á.m. við félagsstörf nemenda.
4. **Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því m.a.:**
   a. Að halda fundi um ýmis uppeldisfræðileg efni.
   b. Að veita aðstoð í skólastarfinu, þ.á.m. við félagsstörf nemenda.
   c. Að standa að eða styðja menningarlíf innan skólans, svo og annað sem að gagni getur komið fyrir skólann og nemendur hans.
5. Bekkjarráð er skipað minnst tveimur fulltrúum úr hverri bekkjardeild. Bekkjarráð skal starfa við undirbúning og framkvæmd sérstakra verkefna þar sem þörf er á samstilltu átaki foreldra/forráðamanna, kennara og nemenda. Bekkjaráðsfulltrúar hverrar bekkjardeildar sjá um í samvinnu við umsjónarkennara að minnst tveir foreldrar/forráðamenn úr hverri bekkjardeild taki sæti í bekkjarráði í upphafi skólaárs.
6. Aðalfund félagsins skal halda í október ár hvert. Hann skal boðaður skriflega með a.m.k. 5 daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef boðað er til hans á réttan hátt.

   **Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:**

   1. Skýrsla formanns um störf félagsins og umræða um hana.

2. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga.
3. Umræða og atkvæðagreiðsla um reikninga.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.
7. Skipun tveggja fulltrúa í skólaráð í samráði við skólastjórnendur.
8. Ákvörðun félagsgjalda.
9. Önnur mál.

7. Í stjórn félagsins situr einn fulltrúi úr hverju bekkjarráði. Heimilt er þó að tveir fulltrúar komi til fyrir hönd bekkjaráðs í stjórn sé fyrir því áhugi eða aðstæður eru fyrir hendi. Ávallt skal hluti stjórnar sitja í a.m.k. tvö ár. Stjórnin skiptir með sér störfum og velur einn fulltrúa úr stjórn í fulltrúaráð foreldrafélaga í bænum. Fráfarandi formaður skal kalla nýkjörna stjórn saman til fyrsta fundar eigi síðar en 10 dögum eftir aðalfund. Skólastjóri eða staðgengill hans hefur seturétt á stjórnarfundum félagsins með málfrelsi og tillögurétt. Skal hann boðaður á sama hátt og stjórnarmenn.
8. Stjórn félagsins skal halda minnst tvo almenna félagsfundi árlega.
9. Stjórn félagsins skal ekki sinna klögumálum eða hafa afskipti af vandamálum sem upp kunna að koma milli einstakra foreldra og starfsmanna skólans.
10. Ef 20 félagsmenn eða fleiri óska eftir með undirskrift að haldinn verði félagsfundur eða auka-aðalfundur er stjórninni skylt að verða við þeirri ósk.
11. Slíkan fund skal boða á sama hátt og aðalfund innan hálfs mánaðar frá því að óskin kemur fram. Lög foreldrafélags Oddeyrarskóla
12. Félagið má aðeins leysa upp, að ⅔ hlutar fundarmanna greiði því atkvæði á aðalfundi, enda skuli vera tillaga um það í fundarboði. Skulu þá eignir félagsins renna til Oddeyrarskóla.

Svohljóðandi lög félagsins voru samþykkt á aðalfundi félagsins þann 4. október 2012

**Starfsáætlun foreldrafélagsins**

Fundir á 6-8 vikna fresti

Bókagjafir, skipuleggja hvaða bækur og hvenær, aðrar gjafir til skólans

Kaffisala á árshátíð nemenda í janúar, undirbúningur, utanumhald og vaktir

# Forvarnarteymi

Í hverjum grunnskóla skal starfa forvarnarteymi sem hefur eftirfarandi hlutverk:

- Teymið á að tryggja kennslu í öllum árgöngum um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda.
- Teymið skal leitast við að tryggja samhæfð viðbrögð starfsfólks með tilliti til ólíkra hópa og ólíkra einstaklinga í tilfellum þar sem börn reyna að greina frá ofbeldi og áreitni. Sérstaklega verði horft eftir merkjum um slíkt í tengslum við umfjöllun sem tengist forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreiti.

- Teymið skal vera kennurum og öðru starfsfólki til stuðnings og ráðgjafar varðandi fræðslu og umræðu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og sjá um að tryggja viðunandi þekkingu og þjálfun starfsfólks.
- Ábyrgðaraðilar teymisins eru skólastjóri og skólaskrifstofa sveitarfélagsins. Skólaskrifstofur skulu fylgja því eftir að innan hvers skóla verði starfrækt forvarnarteymi.

Teymið skal, eftir því sem unnt er, skipað:
- Stjórnanda
- Kennara með þekkingu á málaflokknum
- Skólahjúkrunarfræðingur
- Skólasálfræðingur
- Þroskaþjálfi / sérkennari
- Námsráðgjafi
- Tengiliður við frístundaheimili og/eða tengilið við félagsmiðstöðvar
- Tengiliður við félagsþjónustu

Forvarnarteymi Oddeyrarskóla sér auk þess um skipuleggja og fylgja eftir annarri forvarnarfræðslu. Í forvarnarteymi Oddeyrarskóla sitja deildarstjóri forvarnar- og frístundamála, Fjóla Kristín Helgadóttir, deildarstjóri eldri deildar, Ingibjörg S. Ingimundardóttir skólahjúkrunarfræðingur, Iris Rún Andersen iðjuþjálfi, félagsmiðstöðvarfulltrúi, Linda Rós Rögnvaldsdóttir verkefnastjóri velferðar, Sesselía Úlfarsdóttir kennari. Forvarnarteymi Oddeyrarskóla fundar mánaðarlega yfir skólaárið.

# Valgreinar

Af 37 kennslustundum nemenda í 8. - 10. bekk eru sex kennslustundir valgreinar. Hver valgrein er tvær kennslustundir á viku og geta nemendur skipt um valgreinar um áramót. Þeir velja sér því þrjár valgreinar fyrir áramót og þrjár eftir áramót. Valgreinar eru ýmist kenndar innan skólans eða í samvali en það er sameiginlegt námsframboð grunnskóla á Akureyri. Þar er m.a. boðið upp á valgreinar í samstarfi við framhaldsskólana á Akureyri þar sem markmiðið er m.a. að nemendur grunnskólanna geti nýtt sérþekkingu og sérhæfð verkstæði bæði í bók- og verkgreinum. Einnig geta nemendur fengið metið nám í sérskólum s.s. tónlistar- og myndlistarnám og þátttöku í íþróttum eða öðru tómstundastarfi í stað valgreinar.

# Stoðþjónusta

Foreldrar og nemendur geta sótt ýmsa þjónustu innan og utan skóla. Hér verður sagt frá því helsta en nánari upplýsingar um sérhæfða þjónustu má fá hjá stjórnendum og ráðgjöfum skólans á fræðslusviði.

Velferðarnefnd, nemendaverndarráð, lausnateymi, forvarnarteymi gegn ofbeldi og kynferðsiofbeldi og forvarnarteymi gegn einelti.

Nemendum í efstu bekkjum fá kynningar frá og/eða fara í heimsóknir til framhaldsskólanna í næsta nágrenni. Auk þess sem námsráðgjafi Oddeyrarskóla er í góðu samstarfi við námsráðgjafa

framhaldsskólanna. Nemendur á unglingastigi eiga þess kost að velja valgreinar í framhaldskólum bæjarins.

Velferðarnefnd er vinnur að velferð nemenda við skólann kallast nú velferðarnefnd og gegnir hún hlutverki nemendaverndarráðs, lausnateymis  og forvarnarteymis gegn einelti.

Nefndin starfar við skólann samkvæmt grunnskólalögum og reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu, vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Þurfi nemandi á sérstakri aðstoð að halda vegna fötlunar, sjúkdóms, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, geta starfsmenn skólans eða foreldrar óskað eftir umfjöllun nemendaverndarráðs. Auk þess funda reglulega með ráðinu félagsráðgjafi (fulltrúi barnaverndar), sálfræðingur og sérkennsluráðgjafi frá Akureyrarbæ. Nemendaverndarráð fundar annan hvern fimmtudag kl. 8:30.

Lausnarteymið vinnur að málefnum einstaklinga eða hópa þar sem huga þarf að líðan og hegðun og geta kennarar óskað eftir stuðningi teymisins við lausn slíkra mála. Í teyminu sitja skólastjóri, deildarstjórar, námsráðgjafi og skólahjúkrunarfræðingur, auk tveggja kennara. Teymið fundar annan hvern föstudag klukkan 9:30 - 10:15. Velferðarnefnd vinnur markvisst að forvörnum gegn einelti auk þess að taka á eineltismálum þegar þau koma upp.

**Hlutverk velferðarnefndar í eineltismálum:**

- Endurskoða forvarnaráætlun gegn einelti árlega og gera breytingar ef þess gerist þörf.
- Upplýsa foreldra/forsjáraðila um stefnu skólans í eineltismálum og hvetja þá til að leggja skólanum lið.
- Aðgerðaráætlun gegn einelti og ofbeldi í Oddeyrarskóla sett á heimasíðu skólans.
- Foreldrar upplýstir á heimasíðu skólans um hverjir sitja í eineltisnefnd viðkomandi skólaár.
- Stefnan kynnt á haustfundum og forsjáraðilum gerð grein fyrir mikilvægi þeirra í fyrirbyggjandi aðgerðum og við lausn á eineltismálum.
- Foreldrum bent á að jákvæð umræða um stefnu skólans í eineltismálum sé mikilvæg þar sem skoðanir þeirra og viðhorf móti skoðanir og viðhorf barna þeirra. Foreldrar beðnir um að ræða við börn sín um einelti og afleiðingar þess.
- Í upphafi skólaárs kynna skólastjórnendur/velferðarnefnd starfsfólki áætlunina. Fjallað er um aðferðir, gagnasöfnun og samskiptaleiðir.

Ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna tóku gildi 1. janúar 2022.

Öll börn og foreldrar skulu hafa aðgang að tengilið þjónustu í þágu farsældar barns eftir því sem þörf krefur. Hlutverk tengiliðar er fyrst og fremst að veita upplýsingar, aðstoða foreldra og barn og styðja við samþættingu á fyrsta stigi í samræmi við óskir foreldra og/eða barns. Foreldrar og börn geta leitað sjálf beint til tengiliðar eða sent beiðni í gegnum Þjónustugátt Akureyrarbæjar.

Tengiliðir Oddeyrarskóla eru eftirfarandi: Fjóla Kristín Helgadóttir, deildarstjóri fkh@akmennt.is, Margrét Th. Aðalgeirsdóttir, deildarstjóri magga@oddeyrarskoli.is, Linda Rós Rögnvaldsdóttir, verkefnastjóri velferðar lindaros@oddeyrarskoli.is og Drífa Þórarinsdóttir verkefnastjóri ÍSAT drifath@akmennt.is

# Skólaheilsugæsla

Heilsuvernd í grunnskólum Akureyrar er sinnt af hjúkrunarfræðingum frá Heilsugæslustöðinni á Akureyri HSN. Hjúkrunarfræðingur skólans er Ingibjörg S. Ingimundardóttir (ingibjorgi@hsn.is).

Heilsuvernd skólabarna er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd.Markmiðið er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk heilsuverndar skólabarna vinnur í náinni samvinnu við foreldra, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð þeirra að leiðarljósi. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Þjónusta heilsuverndar skólabarna er skráð í rafræna sjúkraskrá heilsugæslunnar.Helstu áherslur í heilsuvernd skólabarna eru forvarnir, fræðsla, skimanir og bólusetningar.Unnið er samkvæmt leiðbeiningum Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu og Embættis landlæknis um heilsuvernd grunnskólabarna. Heilsuvernd skólabarna (throunarmidstod.is)

Foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á líðan og heilbrigði barna sinna. Góð samvinna og gott upplýsingaflæði er mikilvægt til að starfsfólk heilsugæslu geti sinnt starfi sínu sem best. Því eru foreldrar hvattir til að hafa samband við hjúkrunarfræðing skólans ef einhverjar breytingar verða hjá barninu sem gætu haft áhrif á andlegt, líkamlegt eða félagslegt heilbrigði þess. Að sjálfsögðu er fyllsta trúnaðar gætt um mál einstakra nemenda.

**Heilbrigðisfræðsla**

Skipulögð heilbrigðisfræðsla er veitt í öllum árgöngum og er áherslan á að hvetja til heilbrigðra lífshátta. Eftir fræðslu fá foreldrar upplýsingar í tölvupósti um fræðsluna. Þá gefst þeim kostur á að ræða við börnin um það sem þau lærðu og hvernig hægt er að nýta það í daglegu lífi.

**Veikindi og slys**

Ef óhapp eða slys verður á skólatíma sér starfsfólk skólans um fyrstu hjálp. Þurfi nemandi að fara á heilsugæsluna eða slysadeild skulu foreldrar fara með barninu. Því er mikilvægt að skólinn hafi öll símanúmer þar sem hægt er að ná í þá á skólatíma barnsins. Ekki er ætlast til að óhöppum sem gerast utan skólatíma sé sinnt af heilsuvernd skólabarna.

**Langveik börn**

Mikilvægt er að skólahjúkrunarfræðingur viti af börnum sem eru með fötlun eða langvinnan og/eða alvarlegan sjúkdóm, s.s. sykursýki, ofnæmi, flogaveiki, blæðingarsjúkdóma eða aðra alvarlega sjúkdóma. Þessum börnum sinnir heilsuvernd skólabarna í samráði við foreldra. Lyfjagjafir - Samkvæmt tilmælum landlæknis um lyfjagjafir í grunnskólum eru sérstakar vinnureglur varðandi lyfjagjafir til nemenda á skólatíma. Dreifibréf Nr. 7/2010. Lyfjagjafir í grunnskólum (landlaeknir.is)

http://www.heilsuvera.is

http://www.landlaeknir.is/

http://www.hsn.is/akureyri

Viðvera skólahjúkrunarfræðings í Oddeyrarskóla er þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 8:00 - 14:00.

## Fræðslu- og lýðheilsusvið

Fræðslu- og lýheilsusvið Akureyrarbæjar sinnir sérfræðiþjónustu við grunn- og leikskóla að því er varðar málefni einstakra nemenda. Starfsmenn skóla og foreldrar geta sótt um sérfræðiþjónustu fyrir börn með tilvísun til sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla.

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta er veitt af skólateymi fræðslu- og lýðheilsusviðs Akureyrarbæjar. Í skólateyminu eru sálfræðingar og sérkennarar. Þeir taka við óskum um aðstoð frá skólanum og eru foreldrar hvattir til að ræða við umsjónarkennara, námsráðgjafa eða stjórnendur ef þeir hafa áhuga á að leita aðstoðar eða ráðgjafar hjá skólateymi fræðslusviðs. Einnig geta foreldrar leitað beint til skólateymis. Tengiliðir Oddeyrarskóla við skólateymi sitja reglulega nemendaverndarráðsfundi en það eru Elva Eir Þórólfsdóttir kennsluráðgjafi og Fanný Rut Meldal sálfræðingur. Tengiliður barnaverndar við skólann er Steinunn Alda Gunnarsdóttir

# Samstarf við grenndarsamfélag

## Samstarf við leikskóla

Oddeyrarskóli og leikskólinn Iðavöllur gera með sér samstarfsáætlun. Markmið með samstarfinu er fyrst og fremst að auðvelda börnum að hefja nám í grunnskóla og auðvelda kennurum að eiga samtal milli skólastiga um starf sitt. Börnin af Iðavelli koma reglulega í heimsókn í íþróttahúsið. Nemendur 1. bekkjar heimsækja leikskólann að hausti og reglulega eru heimsóknir elstu barna leikskólans í grunnskólann. Nemendur 7. bekkjar fara fyrir jólin og lesa fyrir nemendur leikskólans. Að vori koma verðandi nemendur 1. bekkjar með foreldrum á fund, þar sem þau hitta verðandi umsjónarkennara og stjórnendur hitta foreldra. Áður en nemendur hefja skólagöngu í 1. bekk fá þau vin í 7. bekk (verðandi 8. bekk).

Samstarfsáælun Oddeyrarskóla og Iðavallar 2025-2026

## Samstarf við framhaldsskóla

Oddeyrarskóli á í reglulegu samstarfi við framhaldsskóla á Eyjafjarðarsvæðinu. Elstu nemendur skólans fara í heimsóknir í MA og VMA og í Framhaldsskólann á Laugum. Námsráðgjafi Oddeyrarskóla hefur samráð við námsráðgjafa í framhaldsskólunum eftir þörfum. Þá hefur samstarf við framhaldsskólana um aukinn stuðning við erlenda nemendur styrkst mjög á undanförnum árum. Markmið með samstarfi við framhaldsskólana er fyrst og fremst að stuðla að farsælum skólaskiptum og koma til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda með sem bestum hætti.

## Grenndarkennsla og vettvangsferðir

Nemendur í öllum árgöngum fara í einhvers konar grenndarkennslu og vettvangsferðir á skólaárinu.

Hér má sjá yfirlit yfir það helsta sem gert er á skólaárinu.